

Byggðasamlagið Oddi bs.

Gjaldskrá fyrir þjónustu 2024

Leikskólar:

Vistunargjald fyrir hverja klst frá 8-16 kr. 2.537

Vistunargjald fyrir 15 mín umfram 8 klst vistun kr. 2.000

Mánaðargjald 8 tíma vistun kr. 20.301

Hádegismatur kr. 6.961

Morgunverður kr. 2.447

Síðdegishressing kr. 2.447

Mánaðargjald fyrir 8 tíma vistun m. fæði kr. 32.156

Skóladagheimili:

Mánaðargjald 4 dagar: 6.056

Mánaðargjald 5 dagar: 10.754

Skólamötuneyti:

Gjald pr. máltíð kr. 493

Mánaðargjald m.v. 4 daga í viku kr. 8.529

Mánaðargjald m.v. 5 daga í viku kr. 10.663

Starfsmenn gjald pr. máltíð kr. 700

Hádegisverður pr. skipti selt út 1.851

Kaffikostnaður pr. skipti selt út 1.851

B. Gjaldskrárreglur, afslættir og álag fyrir þjónustuna

Leikskólar:

- Lágmarksvistunartími er 4 klst á dag.
- Hægt er að semja um vistun frá 7:45-8:00 og aftur 16:00-16:15 og er vistunargjald fyrir 15 mín á þessum tíma kr. 2.000.
- Gjald fyrir börn í aðlögun er það sama og dvalargjald.

Veittir eru afslættir af vistunargjöldum sem hér segir:

- Systkinaafsláttur er 50% af vistunargjaldi.
- Einstæðir foreldrar 15%
- Foreldrar í fullu námi 15%
- Foreldri öryrki 15%

Afslættir reiknast eingöngu af vistunargjöldum og hver greiðandi getur einungis fengið afslátt skv. einum af ofangreindum afsláttarliðum.

Systkinaafsláttur reiknast alltaf af gjaldi eldra/elsta barns.

Ekki eru veittir afslættir af mat og hressingu og ekki er dregið frá fæðiskostnaði vegna tilfallandi fjarveru úr skólanum sem varir skemur en viku samfellt.

Til að öðlast rétt til afsláttar þarf að framvísa eftirtöldum viðurkenndum vottorðum/staðfestingum:

Einstæðir foreldrar framvísa vottorði um fjölskylduhagi frá Þjóðskrá. Vottorðinu skal skila til leikskólastjóra í upphafi hvers skólaárs (september) að öðrum kosti fellur afsláttur niður.

Foreldrar í námi skila staðfestingu á skólavist í upphafi skólaárs. Aðeins er veittur afsláttur ef foreldri er í fullu námi. Fullt nám er skilgreint með sama hætti og Lánasjóður íslenskra námsmanna gerir (þ.e. 60 ECTS einingar á önn).

Innheimt er lægra gjald frá þeim degi sem vottorði er skilað til leikskólastjóra. Afsláttur er ekki veittur afturvirkir.

Álag er reiknað á vistunargjöld sem hér segir:

- Aukagjald ef komið er með barn fyrir umsaminn vistunartíma eða ef barn er sótt of seint er kr. 761 í hvert skipti.
- Fyrir börn með lögheimili í öðrum sveitarfélögum en aðildarsveitarfélögum Odda bs greiðist skv. viðmiðunargjaldskrá Sambands Íslenskra Sveitarfélaga.

Skóladagheimili:

- Skóladagheimilið er starfrækt frá 15-16 mánudaga-fimmtudaga og 12-16 föstudaga.
- Systkinaafsláttur er 50% af vistunargjaldi.
- Síðdegishressing er innifalin í gjaldinu.
- Heimilt er að innheimta 4 klst aukalega ef barn er sótt of seint.

Skólamötuneyti:

- Gjald fyrir skólamötuneyti er innheimt hjá foreldrum þeirra nemenda sem nýta þjónustu mötuneytisins fyrir hvern dag sem skólinn starfar skv. stundaskrá.
- Ekki er dregið frá vegna tilfallandi fjarveru úr skólanum sem varir skemur en viku samfelld. Ef um lengri fjarveru er að ræða, vegna veikinda eða annarra orsaka, skal framvísa vottorði um það og verður gjaldið þá fellt niður fyrir þann tíma.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2024